



# Fundargerð stjórnar HSÍ

Þriðjudagurinn 19. september 2017



## **Sjöundi fundur 60. stjórnar HSÍ var haldinn í fundarsal HSÍ, Íþróttamiðstöðinni Laugardal, þriðjudaginn 19. september 2017 kl.12.00**

Mættir voru: Arnar Þorkelsson, Davíð B. Gíslason, , Hjördís Guðmundsdóttir, og Þorbergur Aðalsteinsson. Róbert Geir Gíslason, framkvæmdarstóri HSÍ sat fundinn og ritaði fundargerð.

Forföll: Guðmundur B. Ólafsson, Guðjón L. Sigurðsson, Guðríður Guðjónsdóttir, Hjalti Þór Hreinsson og Jakob Sigurðsson.

Fjarverandi: Enginn

### **Þetta gerðist:**

1. Fundargerð síðasta fundar lögð fram til samþykktar  
Fundargerð síðasta fundar var samþykkt.
2. Starfsmannamál  
38 umsóknir bárust um markaðsstjórstöðu HSÍ. DBG og RGG tóku 10 aðila í viðtöl um munu fylgja þeim málum eftir í vikunni. Framkvæmdastjóra er falið að ganga frá ráðningu á starfsmanni í fullt starf. Stefnt er að því að ljúka ráðningarferlinu í næstu viku.
3. Fjármál  
Viðræður eru í gangi við núverandi samstarfsaðila sem og nýja og er von að þeim ljúki nú í september. Afreksstjóður á að skila af sér í september.
4. Afmæli HSÍ og landsleikirnir við Svía  
Fyrirhugaðir eru 2 vináttulandsleikir við Svía 26. og 28. október. Hugmyndin var að hafa afmælisboð í kjölfarið á leiknum 28. Október. RGG mun setja fram tillögu til stjórnar.
5. Markmannsþjálfun fyrir landslið  
Málinu frestað til næsta fundar
6. Hæfileikamótun HSÍ og afreksþjálfari  
Málinu frestað til næsta fundar
7. Bréf frá FH vegna landsliðsþjálfara  
Lagt var fram bréf frá FH vegna meintrar hegðunar landsliðsþjálfara HSÍ. RGG mun fylgja málinu eftir og óska eftir svörum frá viðkomandi aðilum. Laganefnd er falið að yfirfara siðareglur sambandsins.
8. Önnur mál
  - a. Félagaskipti leikmanna erlendis frá  
Félög hafa óskað eftir því að stjórn HSÍ óski eftir endurskoðun á að atvinnu- og dvalarleyfi sé skilyrði fyrir útgáfu keppnisleyfa gagnvart erlendum leikmönnum utan EES. Stjórn HSÍ felur formanni að afla upplýsinga frá Útlendingastofnun varðandi framkvæmd þessara mála.
  - b. Reglugerðir  
Staðfest er samþykkt stjórnar á reglugerðum HSÍ um handknattleiksmót sem og agamál sem stjórn HSÍ samþykkti á tölvupósti.

Fleira var ekki gert og var fundi slitið.



Róbert Geir Gíslason, fundarritari